

15. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn 27. nóvember 2104 kl. 16-17 í Fjölheimum á Selfossi.

Mætt: Ásgeir Magnússon, Ísólfur Gylfi Pálmason, Eva Björk Harðardóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð.

Ásgeir setti fundinn en þetta er fyrsti fundur nýrrar stjórnar skv. breyttum samþykktum.

- Stjórnin skipti með sér verkum, Ásgeir formaður, Ísólfur Gylfi gjaldkeri og Sigurður ritari.
- Rætt um aðkomu ferðaþjónustuaðila að stjórn jarðvangsins. Fyrir liggur að formlegur klasi þeirra er í tveimur sveitarfélaganna en ekki í því þriðja.
- Ákveðið að auglýsa eftir starfsmanni í fullt starf í Morgunblaðinu, Fréttablaðinu, Dagskránni, Vitanum og Búkollu um aðra helgi með umsóknarfresti til 29. desember.